

Svar fræðslunefndar KSÍ við fyrirspurn í gegnum Sigurð Þóri Þorsteinsson formann KPÍ frá 14. maí 2009.

Spurt var hver er staðan í dag og hvað hefur verið gert á undanförunum 10 árum í neðangreindum atriðum sem eru öll tilgreind meðal helstu verkefna fræðslunefndar KSÍ?

### **Endurmenntun þjálfara:**

Þjálfarar skulu viðhalda þjálfaragráðum sínum með 15 tíma endurmenntun á 3 ára fresti. Öll fræðsla sem nýtist mönnum í þjálfarastarfinu er tekin til greina til að endurnýja KSÍ B gráðuna og eru um 300 manns með þá gráðu. Með þessu getur hver þjálfari sérhæft sig meira og leitað sér meiri þekkingar í því sem hann/hún vill einbeita sér að frekar. Hins vegar þurfa allir sem eru með KSÍ A gráðuna að koma á sérstakt KSÍ A endurmenntunarnámskeið sem er stefnt á að halda tvisvar á ári, einu sinn erlendis (var í Hollandi í fyrra) og einu sinni hérlendis (verður haldið 4-6. júlí í ár). Öll þjálfaranámskeið KSÍ telja sem endurmenntun fyrir B gráðuna og á síðasta ári voru haldin 18 þjálfaranámskeið sem er metár í sögu KSÍ. Undanfarin 10 ár hefur KSÍ haldið fleiri en 100 þjálfaranámskeið og á þau hafa komið 2.769 þjálfarar. Fjöldi námskeiða hefur vel uppfyllt þörfina undanfarin ár og KSÍ hefur skuldbundið sig til að sinna endurmenntun áfram vel á næstu árum.

### **Gagnagrunnur um íslenska knattspyrnuþjálfara:**

Fræðsludeild KSÍ heldur utan um gagnagrunn um knattspyrnuþjálfara sem starfa á Íslandi. Gagnagrunnurinn á uppruna sinn í mótakerfi KSÍ, er aðgengilegur aðildarfélögum undir séraðgerðir og má líka sjá að hluta til á fræðsluvef KSÍ undir þjálfarar. Í gagnagrunninum má sjá nafn, heimilisfang, kennitölu, netfang, gsm síma og upplýsingar um menntunarferil allra þjálfara sem hafa komið á þjálfaranámskeið KSÍ í gegnum tíðina. Alls eru í kringum 1500 þjálfarar í gagnagrunninum en þess má geta að árlega starfa um 660 þjálfarar í knattspyrnuhreyfingunni. KSÍ hefur eytt gríðarlega mikilli vinnu í að byggja upp þennan gagnagrunn og hann er í uppfærslu mörgum sinnum á dag því alltaf er að bætast við menntun þjálfara eða símanúmer og netföng að breytast o.s.frv. Hér er um mjög öflugt hjálpartæki að ræða í uppbyggingu þjálfaramenntunar og upplýsingaflæðis. Ef t.d. KSÍ III námskeið er framundan fá allir skráðir með KSÍ II menntun í kerfinu okkar tölvupóst frá okkur til að minna á námskeiðið framundan.

### **Umsjón með útgáfu fræðsluefnis um knattspyrnu og knattspyrnuþjálfun:**

Fræðslunefnd KSÍ hefur komið að útgáfu á eftirfarandi efni á síðastliðnum 10 árum: Foreldrabæklingur KSÍ (2 útgáfur, sú síðari á 4 tungumálum), Leikur án fordóma bæklingur, Knattþrautir KSÍ (knattþrautir verða gefnar út aftur í sumar), A.m.k. 3 skipti hefur KSÍ látið prenta annað upplag að bókinni Kennslu og æfingaskrá í þjálfun barna og unglunga eftir Janus Guðlaugsson því bókin er afhent á KSÍ I sem þýðir að um 700 manns hafa fengið hana afhenta á þjálfaranámskeiðum okkar. Mikið af fræðsluefni hefur verið búið til og kennt á þjálfaranámskeiðum okkar en kennararnir eiga í flestum tilvikum höfundarrétt að því efni þó sumir hafi gefið KSÍ það. KSÍ hefur nýtt þjálfrafræðibók útgefna af ÍSÍ til kennslu á KSÍ II, markmannsþjálfunarbók á íslensku útgefna af KSÍ á KSÍ III og DVD disk Guðmundar Hreiðarssonar á KSÍ IV. Að lokum má nefna að í sumar kemur út glæný þjálfrafræðibók í knattspyrnu sem fræðslunefnd hefur látið þýða og er eftir Jens Bangsbo. Það er gríðarlega kostnaðarsamt og mikil vinna að þýða bækur og hleypur kostnaðurinn við þýðingur, prófarakalestur og prentun þessarar bókar á milljónum króna en hún mun bæta úr brýnni þörf í þessum málum. KSÍ hefur einnig keypt bækur og DVD diska í safn sitt og lánað þjálfurum endurgjaldslaust og sent frítt út á land.

### **Umsjón með útgáfu og endurskoðun Kennslu og æfingaskrár KSÍ:**

Kennslu og æfingaskrá KSÍ er bók eftir Janus Guðlaugsson sem kom fyrst út árið 1995. Við höfum þurft að láta prenta bókina upp á nýtt a.m.k. 3 skipti í stóru upplagi. Bókin er góð og þannig lagað tímalaus og er besta bókina sem er til á íslensku fyrir þjálfara byrjenda, barna og unglinga. Ekki hefur verið talin þörf á hingað til að endurskoða bókina enda hafa grunnatriði knattspyrnunnar lítið breyst á 14 árum. Bókin þjónar sínu hlutverki mjög vel að okkar mati.

### **Að standa fyrir leiðtogamenntun og annast útgáfu námsefnis:**

Árið 2002 var ráðinn fræðslustjóri í fullt starf og sú ákvörðun tekin hjá fræðslunefnd að leggja höfuðáherslu á menntun þjálfara þar sem að fyrir lá að KSÍ vildi verða aðili að þjálfarasáttmála UEFA og fá þjálfaranámskeið okkar gæðavottuð af UEFA. Einnig var ÍSÍ þá að bjóða upp á fín leiðtoganámskeið og gera reyndar ennþá. Undanfarið ár eða svo hefur staðið til að efla leiðtogamenntunina og það er á verkefni fræðslunefndar á þessu ári. Hins vegar hefur það blandast annarri starfsemi KSÍ t.d. leyfiskerfinu, dómarastrjóranum og mótadeildinni svo eitthvað sé nefnt. Á undanförmum vikum hafa verið fræðslufundir fyrir stjórnendur og forráðamenn félaga hvað varðar mörg fjölbreytt efni er snúa að stjórnun félaganna og starfi þeirra. Fræðsludeild KSÍ hefur tekið upp þessa fyrirlestra og fræðslufundi og eru þeir aðgengilegir öllum sem vilja á vídeóformi á fræðsluvef KSÍ. Þá hefur KSÍ gefið út handbók leikja árlega sem er gott skipulagstól fyrir stjórnendur félaganna.

### **Að afla og miðla upplýsingum um þjálfun og námskeið erlendis:**

KSÍ er aðili að stóru fræðsluverkefni á vegum UEFA sem nefnist UEFA study group scheme. Verkefnið snýst um að kynna ólíkum þáttum knattspyrnunnar í öðrum löndum Evrópu. Verkefnið heldur áfram næstu 4 árin og verða 3-4 ferðir farnar á hverju ári.

- 10 þjálfarar yngri flokka fóru frá félögum á landsbyggðinni að kynna sér þjálfun yngri flokka hjá Svissneska knattspyrnusambandinu 3-6. nóvember 2008.
- 10 þjálfurum úr Pepsi-deild kvenna ásamt Ólafi Guðbjörnssyni U-19 landsliðsþjálfara kvenna var boðið til Finniska knattspyrnusambandsins að kynna sér knattspyrnu kvenna í Finnlandi 25-28. nóvember 2008.
- 10 kennarar á þjálfaranámskeiðum KSÍ fóru og kynntu sér þjálfaramenntun í Noregi dagana 4-7. maí 2009.

Fræðsludeild hefur kallað eftir skýrslum til birtingar á fræðsluvef KSÍ. Skil eru dræm.

KSÍ hóf líka að veita styrki til fræðslumála á síðasta ári en styrkurinn var í formi farseðils á áfangastað Ícelandair. 10-12 styrkir verða veittir árlega til þeirra sem vilja sækja sér fræðslu erlendis. Eftirfarandi styrkir voru veittir á þessu ári:

- Sigurður Þórir Þorsteinsson og Ómar Jóhannsson frá Knattspyrnuþjálfarafélagi Íslands hlutu styrk til að fara á ráðstefnu Evrópska knattspyrnuþjálfara-félagsins í Frankfurt, Þýskalandi
- Eysteinn Húni Hauksson, yngri flokka þjálfari hjá Grindavík, hlaut styrk til að kynna sér þjálfun yngri flokka og aðalliðs West Ham, Englandi
- Þórarinn Einar Engilbertsson, yfirþjálfari yngri flokka kvenna hjá Haukum, hlaut styrk til að fara á alþjóðlegt þjálfaranámskeið hjá Hollenska knattspyrnusambandinu
- Ragnar Haukur Hauksson, þjálfari meistaraflokks karla hjá KS/Leiftri, hlaut styrk til að kynna sér þjálfun hjá Bolton, Englandi.

Skilyrði fyrir því að fá styrk er að skila inn skýrslu til birtingar á fræðsluvef KSÍ og margar af þessum skýrslum eru nú þegar komnar inn þar.

### **Að vera umræðuvettvangur um framfarir og þróun í íslenskri knattspyrnu:**

Þetta teljum við okkur vera að gera fyrst og fremst með því umfangsmikla námskeiðahaldi sem við höfum staðið fyrir. Að auki má nefna að fræðsludeild KSÍ hefur staðið fyrir komu 1-2 erlendra fyrirlesara á hverju ári svo og að sú ákvörðun var tekin að kenna hluta af A-gráðunni okkar erlendis til að einmitt sjá knattspyrnu á hærra stigi en hér heima á Íslandi. Á KSÍ VI í Englandi er eytt drjúgum tíma í umræður um stöðu og framtíð íslenskrar knattspyrnu og í aðra tengda hópvinnum svo eitthvað sé nefnt.

Fræðsludeild KSÍ hefur verið í fararbroddi í áhugaverðum nýjungum og framförum í þróun íslenskrar knattspyrnu og má þar nefna bylting í þjálfaramenntun, Homeground þjálfaraforrit og uppbygging æfingasafns, stofnun fræðsluvefs KSÍ, aðstoð við þjálfara um að komast til erlendra félaga og knattspyrnusambanda og kynnar sér nýjungar og þróa sig áfram í starfi og margt fleira.

### **Að standa fyrir rannsóknum í tengslum við íslenska knattspyrnu og knattspyrnuþjálfun:**

Fræðsludeild KSÍ hefur árlega í samstarfi við HR og HÍ bæði aðstoðað fjölmarga nemendur við gerð lokaritgerða og rannsóknarverkefna á sviði knattspyrnu. Stundum hefur KSÍ farið þess sérstaklega á leit við nemendur að ákveðið efni sé rannsakað og í öðrum tilfellum komið með uppástungur til að aðstoða nemendur. Í nokkur skipti hefur fræðslustjóri KSÍ eða meðlimir í fræðslunefnd meira að segja verið leiðsögukennarar í slíkum rannsóknarverkefnum. Meðal rannsókna sem gerðar hafa verið eru t.d. nákvæm staða á menntun allra starfandi knattspyrnuþjálfara á Íslandi árið 2004 og árið 2006, áhorfendagreining í efstu deild karla, hvort leikmenn í 3. flokki æfi með sínu hverfisliði eða ekki, fæðingardagsáhrif í knattspyrnu, brottfall í knattspyrnu, mælingar í knattspyrnu og margt fleira. Fræðsludeild KSÍ hófst handa fyrir nokkru að safna saman lokaritgerðum á sviði knattspyrnu öllum á einn stað inni á fræðsluvef KSÍ svo þær séu aðgengilegar öllum og svo að þessi þekking glattist ekki eða liggja ofan í skúffu. Nokkrar ritgerðir eru nú þegar aðgengilegar á fræðsluvefnum.

### **Að vera aflvaki nýrra hugmynda og þróunar í íslenskri knattspyrnu:**

Eftirtaldir hugmyndir og þróun hefur komið frá fræðslunefnd KSÍ á undanförunum árum eða er aðgengilegt í gegnum fræðslunefnd KSÍ svo eitthvað sé nefnt:

KSÍ I, II, III, IV, B-gráðan, KSÍ V, VI, VII, A-gráðan (þetta eru allt ný námskeið og ný þjálfaramenntun sem hefur komið á síðastliðnum 7 árum), Fræðsluvefur KSÍ ásamt öllu efninu sem er þar inni, Knattþrautir KSÍ, Foreldrabæklingur KSÍ, Leikur án fordóma, Homeground þjálfaraforrit (350 þjálfarar eru notendur, selt á kostnaðarverði), Homeground 2.0, æfingasafn KSÍ (mörg hundruð æfingar aðgengilegar þjálfurum endurgjaldslaus), fyrirlestrar og viðtöl í vídeóformi á fræðsluvef KSÍ, styrkur KSÍ til fræðslumála (10 styrkir á ári til að kynna sér þjálfun erlendis), opnun á leiðinni að Pro licence fyrir íslenska þjálfara hjá enska knattspyrnusambandinu, Frans Hoek, Simon Smith, Jens Bangsbo, Howard Wilkinson, John Peacock, Brian Eastick, Peter Bonde, bikarúrslitaráðstefna kvenna, þjálfaranámskeið úti á landi, FIFA námskeið í þjálfun barna, grasrótarnámskeið KSÍ fyrir þá sem vinna í knattspyrnuskólum, námskeið á netinu í samvinnu við enska knattspyrnusambandið, UEFA study group scheme (40 íslenskir þjálfarar fara að kynna sér þjálfun erlendis árlega næstu 4 árin út á þetta víðsvegar um evrópu). Að auki má nefna að sú ánægjulega þróun hefur orðið á menntun þjálfara að c.a. helmingur starfandi þjálfara á Íslandi hefur lokið við KSÍ B þjálfaragráðuna og um 20% starfandi þjálfara hefur lokið við KSÍ A gráðuna. Sennilega er ekkert land í Evrópu sem getur státað sig af viðlíka hlutföllum.

Fræðslunefnd KSÍ